

FMS 2020-17
ISBN 978-9935-9512-4-3
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

JÚNÍ 2020

Erlendir ferðamenn í Borgarnesi sumarið 2019

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Þórný Barðadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Erlendir ferðamenn í Borgarnesi sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar
Höfundur: Þórný Barðadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-17

ISBN: 978-9935-9512-4-3

ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

FERÐAVENJUKÖNNUN Í BORGARNESI SUMARIÐ 2019

Borgarnes er mikilvæg þjónustumiðstöð og verslunarkjarni fyrir nærliggjandi sveitir á Vesturlandi og þar hefur verið löggiltur verslunarstaður frá því seint á níttjándu öld (Borgarbyggð, 2017). Með opnun Borgarfjarðarbrúar árið 1981 færðist Borgarnes í alfaraleið þjóðveg 1 sem efldi mjög verslun og þjónustu á staðnum (Grétar Þór Eyþórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson, 2001). Kannanir hafa sýnt að ríflega helmingur erlendra ferðamanna veit af hringveginum fyrir komu til landsins og að stór hluti velur að fylgja leiðinni í heild eða að hluta (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019). Staðsetning Borgarness á hringveginum auk nálægðar við höfuðborgarsvæðið og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík þýðir því að þar í gegn fer mikil umferð jafnt innlendra sem erlendra ferðamanna. En hverjir staldra þar við, af hverju, hversu lengi og hvað aðhafast þeir í viðdvölinni?

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenju- og útgjaldakönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að eftir inngangskafla verður gerð grein fyrir aðferðafræði könnunar og úrvinnslu gagna. Því næst verða niðurstöður kynntar. Niðurstöður eru settar þannig fram að fyrst eru sýnd svör um bakgrunn svarenda, þá niðurstöður er varða ferðalagið því næst um ákvarðanir og upplýsingaleit. Næstar eru niðurstöður er varða gistingu og afþreyingu í heimsókn áður en komið er að útgjöldum. Loks eru sýndar niðurstöður sem varða ánægjustig og líkindi meðmæla með staðnum auk greiningar á opnum ummælum ferðamanna um heimsókn þeirra til Borgarness.

Að loknum niðurstöðukafla er samantekt á niðurstöðum könnunar í Borgarnesi og umræður um þær. Þá er komið að stuttri samantekt þar sem bornar eru saman helstu niðurstöður þeirra fjögurra staða sem voru til rannsóknar sumarið 2019. Að síðustu eru stutt lokaorð. Í viðauka eru birtar krosstöflur sem sýna svör könnunarinnar í Borgarnesi út frá bakgrunnsbreytum og marktækt eftir því sem við á.

Ingvári Þorsteinssyni hjá MMR er þakkað gott samstarf við uppsetningu og forritun spurningalista auk frumúrvinnslu gagna. Helga Einarsdóttir, sérfræðingur hjá RHA fær þakkir fyrir villuprófun og hreinsun gagna auk umsjónar með skilum þeirra til Mælaborðs ferðaþjónustunnar. Starfsfólk Upplýsingamiðstöðvar Vesturlands fær þakkir fyrir greinargóðar upplýsingar um eðli ferðaþjónustu í Borgarnesi og framboð afþreyingar og gistimöguleika. Síðast en ekki síst fá góðar þakkir aðstoðarspyrlar í Borgarnesi, þær Sonja og Thelma. Sérstakar þakkir fá Lilja B. Rögnvaldsdóttir og Valeriya – Lera - Posmitnaya. Lilja fyrir umsjón og framkvæmd greiningar á útgjöldum og ýmsum opnum spurningum auk ómetanlegrar aðstoðar við fjölmarga þætti könnunar, úrvinnslu og skýrslugerðar. Lera fyrir að stýra og framkvæma gagnaöflun á öllum könnunarstöðum sumarsins 2019 af sinni einstöku elju, samviskusemi og dugnaði.



Mynd 1. Könnun svarað. Spyrill RMF aðstoðar erlendan ferðamann í Borgarnesi sumarið 2019
© Valeriya Posmitnaya

Efnisyfirlit

Ferðavenjukönnun í Borgarnesi sumarið 2019.....	3
Myndaskrá.....	4
Inngangur	5
Aðferð.....	6
Niðurstöður	7
Kyn.....	7
Aldur	7
Búsetuland.....	8
Ferðamáti	9
Ferðafélagar.....	9
Tilgangur ferðalags	10
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	10
Helsta ástæða heimsóknar	11
Upplýsingaleit.....	12
Dvalarlengd.....	12
Gisting.....	13
Ástæða þess að ekki var gist í Borgarnesi.....	13
Gistimáti	14
Gisting fyrir og eftir heimsókn	15
Afpreying	16
Útgjöld	17
Hápunktur heimsóknarinnar	18
Meðmælaskor.....	19
Ánægja.....	21
Opnar athugasemdir.....	21
Umræður	22
Samanburður rannsóknasvæða 2019.....	24
Lokaorð.....	25
Heimildir	26
Viðaukar	28

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Könnun svarað. Spyrill RMF aðstoðar erlendan ferðamann í Borgarnesi sumarið 2019	3
Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirlagna. Grænir kassar sýna rannsóknarsvæði sumarsins 2019	5
Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019	7
Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu.....	7
Mynd 5. Búsetuland erlendra gesta í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017 og á landsvísu ..	8
Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017	9
Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017	9
Mynd 8. Tilgangur ferðalags erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumar 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu.....	10
Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarness 2019, samanborið við 2017.....	10
Mynd 10. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019 – orðaský	11
Mynd 11. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019, samanborið við 2017	11
Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna um Borgarnes 2019, samanborið við 2017	12
Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017	12
Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019 samanborið við 2017	13
Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki í Borgarnesi sumarið 2019	13
Mynd 16. Gistimáti erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu ...	14
Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna nóttina fyrir og eftir heimsókn til Borgarness 2019	15
Mynd 18. Afpreyging erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017	16
Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017	17
Mynd 20. Hápunktur heimsóknar til Borgarness 2019 - orðaský.....	18
Mynd 21. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019	18
Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019	19
Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn í Borgarnesi 2019 geta mælt með staðnum ...	19
Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019 um það sem þarf að bæta til þess að mælt verði með staðnum.....	19
Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017	21
Mynd 26. Opnar athugasemdir erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarness 2019.....	21
Mynd 27. Nokkur ummæli erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarnes 2019	23

INNGANGUR

Ferðaþjónusta heimsins þarf að takast á við mikið uppbyggingarstarf í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Ferðamálaráð Sameinuðu þjóðanna (WTO) kallar eftir nýrri hugsun þar sem þanþol jafnt áfangastaða sem gesta verði leiðarljós við endurskipulagningu ferðaþjónustunnar. Ennfremur leggur ráðið áherslu á að viðtæk samvinna, þekking og áreiðanleg gögn verði lögð til grundvallar við uppbyggingarstarfið (SP-WTO, e.d.). Svæðisbundnar kannanir um ferðavenjur erlendra ferðamanna hér á landi eru gott dæmi um áreiðanlega upplýsingaöflun af því tagi sem WTO kallar eftir.

Samantekt þessi sýnir niðurstöður ferðavenju- og útgjaldakönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019. Ferðavenjukönnunin er hluti af umfangsmiklu verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi. Könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála fyrir Ferðamálastofu.

Staðbundin ferðavenjukönnun var framkvæmd í Þingeyjarsýslum árið 2013 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2014) og frá árinu 2015 hefur könnun verið lögð fyrir erlenda sumarferðamenn á alls 14 stöðum víðsvegar um land (sjá m.a. Lilja B. Rögnvaldsdóttir 2016a; 2016b; 2018a; 2018b; 2018c). Mynd 2 sýnir þessa staði og í sviga má sjá ártal könnunar á hverjum stað. Í upphafi var verkefnið unnið samhliða umfangsmikilli rannsókn sem fjallaði um útfærslu íslenskra ferðaþjónustureikninga og aðlögun þeirra að alþjóðlegum stöðlum um hliðarreikninga ferðaþjónustunnar (e. *tourism satellite account*) (sjá Cristi Frenç 2013; 2014a; 2014b).

Megintilgangur verkefnisins hefur frá upphafi verið öflun svæðisbundinna gagna um ferðavenjur og neyslu erlendra ferðamanna, enda hafa niðurstöður sýnt að ýmsir þættir eru breytilegir eftir áfangastöðum. Það á meðal annars við um ákvörðun um viðkomu, dvalarlengd og útgjaldamynstur. Á flestum rannsóknarstöðunum hafa kannanirnar verið gerðar oft en einu sinni og þar með hefur orðið til tímalína gagna sem getur fangað breytta ferðahegðun, neyslu og ánægjustig ferðamanna á viðkomandi stöðum.

Niðurstöður svæðisbundinna ferðavenju- og útgjaldakannana eru því mikilvægt innlegg við ákvarðanatökur stjórnvalda, auk þess að veita atvinnugreininni og viðkomandi áfangastöðum mikilvægar upplýsingar til eigin aðgerða, ákvarðana og markaðssetningar.

Sumarið 2019 var ferðavenjukönnun framkvæmd á fjórum stöðum, Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og á Höfn í Hornafirði. Staðirnir eru einkenndir með grænum lit á mynd 2. Á öllum stöðunum hefur könnunin verið framkvæmd áður.



Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirllagna. Grænir kassar sýna rannsóknarsvæði sumarsins 2019

AÐFERÐ

Framkvæmd könnunarinnar var á þann veg að spyrjar komu sér fyrir á fyrirfram afmörkuðum könnunarstöðum og báðu ferðamenn sem um fóru að svara könnuninni. Ferðamenn fengu þá í hendur nettengdar spjaldtölvur sem voru forritaðar spurningalistanum á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Flestar spurninganna voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við. Sumar spurninganna gáfu einungis kost á einu svari, til að mynda spurningar um ferðamáta og gistingu, meðan í öðrum var óskað svara við öllum þeim valkostum sem við áttu. Dæmi um það eru spurningar um val á afþreyingu og upplýsingaleit um Borgarnes. Spurningar um ástæðu heimsóknar, hápunkt ferðar og nánari útlistun varðandi meðmæli voru opnar, auk þess sem svarendur voru í nokkrum lokuðum spurningum beðnir um að tilgreina svör með opnum svarmöguleika. Dæmi um það er tilgreining ástæðu ef ekki var gíst í Borgarnesi.

Til að varast skekkju í niðurstöðum, voru svarmöguleikar afþreyingar valdir í samráði við upplýsingamiðstöðvar á hverjum stað. Til greiningar á útgjaldaspurningu var verðlag á hverjum stað kannað meðal gististaða, afþreyingarfyrirtækja og annarra þjónustuaðila til að geta betur lagt mat á útlaga (útgjöld sem stungu í stúf) sem skekkt gætu niðurstöður og haft áhrif á áreiðanleika könnunarinnar. Til að tryggja sem bestan samanburð milli ára, var spurningum og svarmöguleikum ekki breytt frá því sem var í könnun 2018.

Í fyrri könnunum var unnið út frá því að ná 500 svörum en gjarnan er miðað við að fari þýði í könnun yfir 1.000.000 náist marktækur fjöldi svara með 384 fjölda úrtaki miðað við 95% öryggismörk (Vaske, 2008). Í könnun 2019 var ákveðið að auka fjölda svara í 700 á hverjum stað til að auka svigrúm til tölfræðilegrar úrvinnslu. Við greiningu gagna og samanburð milli bakgrunnsbreyta var samkvæmt hefðum tölfræði miðað við að hver breyta næði 30 svörum (Kar og Ramalingam, 2013). Við útreikning útgjalda var þó samkvæmt verksamningi miðað við 50 svör í hverjum útgjaldaflökki.

Könnunin stóð yfir tímabilið 20. júlí til 31. ágúst 2019. Fyrirlögn var dreift sem mest mátti vera. Dögum var skipt upp í þrjú tímabil frá kl. 9 að morgni til 21 að kvöldi og leitast við að verja jöfnum tíma í gagnaöflun innan þessara tímabila. Eins var lögð áhersla á að dreifa fyrirlögn sem jafnast yfir vikuna sem og á milli svæða innan bæjarins. Könnunin í Borgarnesi fór að mestu fram annars vegar á tanganum frá Brákarsundi um Brákarbraut að Bjarnarbraut og hins vegar svæðið við Hyrnutorg.

Alls voru 816 erlendir ferðamenn beðnir um að svara könnuninni. Af þeim samþykktu 705 þátttöku eða 86%. Unnið var með 703 gild svör. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar því upplýsingar sem veitt geta innsýn og vísendingar þó forðast beri að nota þær til alhæfinga.

Í spurningakönnuninni er meðal annars spurt um búsetuland ferðamanna. Til einföldunar á texta er þó gjarnan talað um þjóðerni svarenda, þ.e. Bretar, Þjóðverjar o.s.frv. í stað þess að segja ferðamenn frá Bretlandi, Þýskalandi, o.s.frv. Í útgjaldaspurningu var óskað eftir svörum um sólarhringsútgjöld í Borgarnesi. Spurt var um upphæðir greiddar fyrir kaup á þjónustu, neysluvörum og öðrum vörum til eigin nota eða gjafa. Við framsetningu spurninga og úrvinnslu gagna var stuðst við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu. Útgjöld eru reiknuð á alla svarendur útgjaldaspurningar hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki (SP-DESA 2010a; 2010b). Til gagnavinnslu var notast við Excel töflureikni og tölfræðiforritið SPSS. Við útreikninga á útgjöldum í erlendum gjaldmiðlum voru upphæðir umreiknaðar á íslenskar krónur á miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2019. Við samanburð á útgjöldum frá fyrri könnun eru útgjöld sýnd á verðlagi hvors árs. Hreinsuðum gögnum og niðurstöðum útgjaldagreiningar var samkvæmt verksamningi skilað inn til Mælaborðs ferðaþjónustunnar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenjukönnunar meðal erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019. Niðurstöðurnar eru sýndar í samanburði við niðurstöður fyrri könnunar í Borgarnesi sem framkvæmd var sumarið 2017 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2018b). Þá eru niðurstöður jafnframt bornar saman við samanburðarhæf gögn sem til eru á landsvísu.


NIÐURSTÖÐUR

KYN

Spurning: *Hvert er kyn þitt?*

Fjöldi svara: 698. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Nokkuð fleiri konur (58%) en karlar (42%) svöruðu spurningakönnuninni í Borgarnesi (mynd 3) (viðauki 1). Konur voru einnig fleiri meðal svarenda í fyrri könnun en í könnunum Ferðamálastofu (e.d.-a) hafa karlar hins vegar svarað til jafns við konur bæði viðmiðunarárin.



Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019


ALDUR

Aldur: *Hvert er fæðingarár þitt?*

Fjöldi svara: 700. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Meðalaldur erlendra ferðamanna í Borgarnesi var rúm 46 ár. Spurningu um aldur var svarað með fæðingarári og niðurstöðurnar umreiknaðar í aldur og skipt í tíu ára aldursflokka (viðauki 2). Flestir féllu í aldursflokkinn 45-54 ára (28%). Næstir og nokkuð jafnir voru aldursflokkarnir 25-35 ára (19%), 35-44 ára (19%) og 55-65 ára (17%) (mynd 4).

Í fyrri könnun var aldursflokkurinn 25-35 ára fjölmennastur og 45-54 ára næst fjölmennastur. Samanburður við kannanir á landsvísu (Ferðamálastofa, e.d. -a.) sýnir að bæði árin eru svarendur yngsta aldursflokksins umtalsvert færri í Borgarnesi. Það skýrist líklega að einhverju leyti af því að könnun á landsvísu nær til 15 ára aldurs meðan í ferðavenjukönnun er miðað við sjálfræðisaldur á Íslandi eða 18 ár.



Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu


BÚSETULAND

Spurning: *Hvert er búsetuland þitt?*

Fjöldi svara: 698. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Bandaríkjamenn (27%) voru fjölmennastir ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019 og Þjóðverjar næst fjölmennastir (11%). Aðrir Evrópubúar röðuðust í næstu sæti. Það voru Ítalir (9%), Frakkar (8%), Spánverjar (6%) og Bretar (6%) (viðauki 3).

Samanburður við fyrri könnun og gögn á landsvísu (mynd 5) sýnir að niðurstöðurnar ríma vel við fjölda erlendra ferðamanna á landsvísu (Ferðamálastofa, e.d.-b) og raunar betur en gerði sumarið 2017. Þá var hlutfall Þjóðverja í Borgarnesi mun hærra en á landsvísu en hlutfall Bandaríkjamanna umtalsvert lægra. Sumarið 2019 voru hins vegar töluvert fleiri Ítalir og nokkuð fleiri Bretar og Austurríkismenn í Borgarnesi en á landsvísu. Þá er athyglisvert að hlutur annarra þjóða en þeirra tíu fjölmennustu lækkar enn milli kannana í Borgarnesi en var sumarið 2017 einnig umtalsvert lægra en í gögnum um landið allt.



Mynd 5. Búsetuland erlendra gesta í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017 og á landsvísu


FERÐAMÁTI

Spurning: *Hvernig ferðaðist þú til Borgarness?*

Fjöldi svara: 698. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Ríflega átta af hverjum tíu erlendra gesta í Borgarnesi höfðu komið til bæjarins á bílaleigubíl (84%) (viðauki 4). Hlutfallið var hæst meðal Breta (98%), Ítala (97%), Frakka (93%) og Spánverja (93%) en lægst meðal Þjóðverja (58%). Þjóðverjar (22%) og Bandaríkjamenn (16%) voru hins vegar næsta einir um að ferðast með hópferðabíl. Hvað varðar aldur ferðaðist elsti aldurshópurinn síst á bílaleigubíl (53%) en hlutfall þess ferðamáta var hæst meðal svarenda 25-34 ára (93%) og 45-54 ára (91%) og um 80-90% meðal annarra aldurshópa.

Samanburður við fyrri könnun (mynd 6) sýnir nokkra hækkun á hlutfalli þeirra sem ferðaðist á bílaleigubíl og hópferðarútu. Hlutfall þeirra sem ferðuðust með áætlunarrútu, á einkabíl og á puttanum lækkaði á milli kannanna.



Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017


FERÐAFÉLAGAR

Spurning: *Með hverjum ferðast þú?*

Fjöldi svara: 702. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 100%

Langflestir erlendra gesta í Borgarnesi voru á ferð með fjölskyldu og vinum (87%). Næst kom hópferð (8%) auk þeirra sem ferðuðust einir (5%) (viðauki 5). Elsti aldurshópurinn var helst á ferð í hópi (30%) en yngstu aldurshóparnir tveir síst (2%). Þá var hópferð algengust meðal Þjóðverja (18%) og Bandaríkjamanna (16%) meðan enginn Frakka eða Breta hafði þann háttinn á.

Samanburður við fyrri könnun (mynd 7) sýnir samhljóm milli kannana. Bæði árin hafa fjölskylda og vinir borið höfuð og herðar yfir aðra ferðafélaga. Nokkuð færri hafa ferðast einir 2019 en 2017 og skýrist sú breyting af ögn hærra hlutfalli hópferðalanga sumarið 2019 en 2017.



Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019 samanborið við 2017

TILGANGUR FERÐALAGS

Spurning: *Hver er helsti tilgangur heimsóknar þinnar til Borgarness?*

Fjöldi svara: 703. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 100%

Helsti tilgangur nær allra erlendra gesta í Borgarnesi sumarið 2019 var frí og sögðu 99% svarenda það hafa verið sinn helsta tilgang (viðauki 6). Þrátt fyrir að gefist hafi tækifæri til að gefa fleiri en eina ástæðu, náði engin ástæða önnur meiri en 2% svörun en það var heimsókn til vina og ættingja (2%). Þar sem svörun var svo afgerandi er lítið svigrúm til að rýna frekar í niðurstöðurnar.

Það sama á raunar við um samanburð við fyrri könnun í Borgarnesi (mynd 8) sem og samanburð við niðurstöður á landsvísu (Ferðamálastofa, e.d.-c). Frí var í öllum tilfellum langveigamesta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna jafnt til Borgarness sem og til Íslands.


TÍMASETNING ÁKVÖRÐUNAR UM HEIMSÓKN

Spurning: *Hver er helsti tilgangur heimsóknar þinnar til Borgarness?*


Fjöldi svara: 699. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Flestir (60%) höfðu ákveðið heimsókn til Borgarness áður en Íslandsferð hófst meðan tæpur þriðjungur sagði heimsókn skyndiákvörðun eða staðinn hafa verið í ferðaleið (viðauki 7). Hlutfall þeirra sem höfðu ákveðið heimsókn fyrir Íslandsferð hækkaði í takt við aldur, var lægst (46%) í yngsta aldurshópnum en hæst (73%) í þeim elsta. Þessu var öfugt farið meðal þeirra sem sögðu staðinn vera í leið eða heimsóknina skyndiákvörðun. Þar var hlutfallið hæst (36%) í yngsta aldurshópnum en lægst (20%) í þeim elsta. Spánverjar (64%) og Kanadamenn (63%) höfðu helst ákveðið heimsókn fyrir Íslandskomu en Bretar (48%) síst, meðan hlutfall þeirra sem voru í heimsókn vegna skyndiákvörðunar eða ferðaleiðar var hæst meðal Þjóðverja (41%) en lægst meðal Bandaríkjamanna (21%).

Samanburður við könnun 2017 (mynd 9) sýnir töluverða breytingu. Meðan einungis 12% svarenda könnunar 2019 hafði ákveðið heimsókn eftir að Íslandsferð hófst hafði hlutfall þess verið 41% árið 2017. Breytingin skýrist mest af hærri hlutfalli þeirra sem ákveðið höfðu heimsókn fyrir Íslandsferð 2019 en 2017, meðan skyndiákvörðun og ferðaleið var nokkuð sambærileg milli ára. Heimsókn til Borgarness fékk bæði árin litla sem enga svörun sem helsta ástæða Íslandsferðar.



Mynd 8. Tilgangur ferðalags erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumar 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu



Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarness 2019, samanborið við 2017


HELSTA ÁSTÆÐA HEIMSÓKNAR

Spurning (opin): *Vinsamlega tilgreindu hvers vegna þú ákvaðst að heimsækja Borgarnes*

Fjöldi svara: 335. Fjöldi svarenda 303. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 43%

Rétt tæpur helmingur (47%) þeirra sem svaraði opinni spurningu um meginástæðu heimsóknarinnar til Borgarness sagði staðsetningu bæjarins hafa ráðið mestu eða að heimsóknin væri hluti af lengra ferðalagi um landið. Mynd 10 sýnir orðaský yfir algengustu ummælin.

Algengara var að Frakkar og Bandaríkjamenn nefndu söfn sem megin ástæðu heimsóknar en Þjóðverjar. Þjóðverjar virtust frekar koma vegna meðmæla en aðrir. Meðmælin fengu þeir ýmist í ferðahandbókum, frá vinum eða öðrum ferðamönnum. Spurningin var opin og nokkrir nefndu fleiri en eitt atriði. Svörin voru því fleiri en svarendur.



Mynd 11. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019, samanborið við 2017



Mynd 10. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019 – orðaský

Breytingar milli kannana eru óverulegar (mynd 11). Fleiri sögðu þó ástæðuna nú tengjast sögu, menningu og söfnum. Þar nefndu menn sérstaklega Landnámssetrið, listahátíð, sögufræga staði og áhuga á sögu Íslands. Minni breytingar voru á öðrum þáttum. Aðrar nefndar ástæður voru meðal annars meðmæli, fegurð staðarins, veitingar og verslun. Í báðum tilfellum var þó staðsetning Borgarness í ferðaleið langveigamesta ástæða þess að stoppað var í Borgarnesi.

UPPLÝSINGALEIT


Spurning: *Hvað af eftirtöldu nýttir þú til að leita upplýsinga um Borgarnes?*

Fjöldi svara: 700. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 99%

Helstu upplýsingaveitur erlendra ferðamanna í Borgarnesi voru ferðabækur og -bæklingar (51%) og vefsíður (36%). Aðrar upplýsingaveitur voru helst ferðaskrifstofur (13%) en fáir höfðu leitað til upplýsingamiðstöðva (7%) og enn færri notað aðra möguleika (viðauki 8).

Hvað varðar greiningu út frá bakgrunnsbreytum var helst að upplýsingaleit á ferðaskrifstofum hefði fylgni við aldur þar sem elstu aldursþóparnir tveir (35% og 21%) sýndu umtalsvert hærra svörum en yngstu tveir hóparnir (3% og 8%). Frakkar (82%) og Ítalir (75%) nýttu ferðabækur og bæklinga mest en Kanadamenn minnst (40%). Ítalir og Kanadamenn (43%) höfðu helst leitað upplýsinga með vefleit en Þjóðverjar mun minna (14%). Bandaríkjamenn (23%) og Þjóðverjar (19%) höfðu umfram aðrar þjóðir leitað til ferðaskrifstofa en Bretar (2%) síst. Bretar (12%) ásamt Spánverjum (12%) höfðu hins vegar verið duglegastir við að leita til upplýsingamiðstöðva meðan einungis einn af hverjum hundrað Þjóðverjum hafði nýtt þá upplýsingagátt. Loks höfðu Bretar og Ítalir (12%) helst leitað til eigin tengslanets varðandi upplýsingar meðan hlutfall Frakka var þar lægst (2%).

Breytingar á milli kannana (mynd 12) eru ekki miklar þó að ívið færri nefni nú ferðabækur/bæklinga og vefsíður án þess þó að miklar breytingar verði á öðrum upplýsingaveitum, utan hrókeringar milli ára í flokkunum ferðaskrifstofur og upplýsingamiðstöðvar.



Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna um Borgarnes 2019, samanborið við 2017


DVALARLENGD

Spurning: *Hversu lengi reiknar þú með að dvelja í Borgarnesi?*

Fjöldi svara: 684. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 97%

Meðaldvöl erlendra ferðamanna í Borgarnesi var 9 klukkustundir. Flestir dvöldu í innan við sex klukkustundir (63%) og annars í hálfan til einn sólarhring (20%) (viðauki 9). Hlutfall þeirra sem dvöldu innan sex klukkustunda var hæst meðal Frakka (85%) en lægst meðal Þjóðverja og Kanadamanna (62%). Hlutfall þeirra sem dvöldu 12-24 tíma var áberandi hæst meðal Þjóðverja (22%) en almennt mun lægra hjá öðrum þjóðum.

Dvalartíminn styttest heldur samanborið við fyrri könnun þegar meðaldvöl var 11,1 klst. Þá höfðu nærri þrjú af hverjum fjórum ferðamönnum (73%) dvalið innan við sex klukkustundir í Borgarnesi (mynd 13).



Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017


GISTING

Spurning: *Gistir þú í Borgarnesi síðustu nótt eða mundu gista þar komandi nótt?*

Fjöldi svara: 696. Heildarfjöldi í könnun: 703. Svarhlutfall: 99%

Rétt rúmur fjórðungur svarenda hafði gist eða ætlaði að gista í Borgarnesi (26%). Hlutfall gistingar var hæst í aldurshópnum 55-64 ára (35%) en lægst meðal svarenda 35-44 ára (22%). Hlutfallslega gistu flestir Kanadamenn (37%) og Þjóðverjar (34%) meðan hlutfall Spánverja (19%) og Ítala (15%) var lægst (viðauki 10).

Hlutfall þeirra sem gista minnkaði á milli ára (mynd 14) en hvorugt árið hefur gistihlutfallið farið yfir þriðjung svarenda.




Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019 samanborið við 2017

ÁSTÆÐA ÞESS AÐ EKKI VAR GIST Í BORGARNESI

Spurning: *Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú valdir að gista ekki í Borgarnesi?*

Fjöldi svara: 62. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu neitandi: 514. Svarhlutfall 12%

Í opinni spurningu voru þeir sem ekki gistu í Borgarnesi spurðir um hvort fyrir því væri sérstök ástæða¹. Einungis 12% þeirra sem ekki gistu í Borgarnesi svöruðu spurningunni og gefa svörin því ekki tækifæri til greiningar út frá bakgrunnsbreytum. Engu að síður má lesa úr þeim ákveðnar vísbendingar. Greining svaranna (mynd 15) sýnir að rétt rúmur helmingur sagði staðinn einungis vera í ferðaleið auk þess sem nokkur hluti sagði of lítið að sjá á staðnum. Nokkur hluti sagðist gista í næsta nágrenni meðan aðrir tilgreindu tímaskort sem helstu ástæðu þess að ekki var gist. Þá sögðu ferðamenn í hópferð að staðurinn væri ekki á ferðaskipulagi. Aðrar ástæður voru flestar tengdar tjaldsvæði staðarins en þó í mismunandi samhengi; allt frá því að ekkert almennilegt tjaldsvæði væri á staðnum til þess að það hefði verið yfirfullt, auk þess sem sturtuleysi tjaldsvæðis hafði fælt einhverja frá því að gista þar.



Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki í Borgarnesi sumarið 2019

¹ Ekki var spurt um ástæðu þess að ekki var gist í könnun 2017 og því ekki til samanburður milli ára


GISTIMÁTI

Spurning: *Hvaða gistimáta nýttir þú /munt þú nýta í Borgarnesi?*

Fjöldi svara: 181. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu játandi: 182. Svarhlutfall 99%.

Hótel og gistiheimili (58%) var sá gistimáti sem langflestir erlendir sumarferðamenn völdu til gistingar í Borgarnesi sumarið 2019 (viðauki 11). Hlutfallið var hæst meðal elsta aldurshópsins (52%) en lægst meðal þess yngsta (31%). Þegar kom að búsetulöndum var hæsta hlutfallið meðal Bandaríkjamanna (65%) og Þjóðverja (52%). Hlutfall Bandaríkjamanna (20%) var einnig hæst meðal þeirra sem valið höfðu einkagistingu, svo sem airbnb meðan einungis 5% Þjóðverja hafði valið þann kost. Þjóðverjar höfðu hins vegar valið tjaldsvæði (16%) langt umfram Bandaríkjamann (4%). Í heildina hafði einn af hverjum tíu valið einkagistingu og 12% höfðu dvalið á tjaldsvæði, þar sem nokkuð fleiri höfðu gist í tjaldi (8%) en í húsbíl (4%). Þá sögðust 7% dvelja á farfuglaheimili.

Hlutfall þeirra sem völdu gistingu á hótélum var umtalsvert hærra nú en árið 2017 (mynd 16) en þróunin fylgdi þó vel breytingum á landsvísu (Hagstofa Ferðamálastofa, e.d. -d). Það sama á við um samdrátt í gistingu á tjaldsvæðum, þó hlutfall þeirra sem völdu tjaldgistingu í Borgarnesi hafi verið umtalsvert hærra en á landsvísu árið 2017. Nýting annarra gistirýma og breytileiki milli ára var annars ekki umtalsverður og var í góðu samræmi við það sem gerist á landsvísu.




Mynd 16. Gistimáti erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu

GISTING FYRIR OG EFTIR HEIMSÓKN

Spurning: *Hvar gistir þú nóttina áður en þú komst til Borgarness?*
Fjöldi svara: 688. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 98%.

Spurning: *Hvar munt þú gista nóttina eftir að þú ferð frá Borgarnesi?*
Fjöldi svara: 645. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 92%.

Flestir gistu á Vesturlandi og því næst á höfuðborgarsvæðinu næturnar fyrir og eftir heimsókn til Borgarness (mynd 17). Lítið eitt fleiri höfðu gist á Vesturlandi nóttina eftir heimsókn (39%) en nóttina fyrir (35%) og átti það einnig við um höfuðborgarsvæðið (35% eftir; 31% fyrir). Færri höfðu gist á öðrum landsvæðum en þar var hlutfall gistingar fyrir heimsókn þó í öllum tilfellum hærra fyrir heimsókn en eftir. Undantekning þess var á Vestfjörðum þar sem fáir höfðu gist bæði fyrir og eftir (2%) heimsóknina til Borgarness og enginn gisti á Austurlandi (viðaukar 12 og 13).



Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna nóttina fyrir og eftir heimsókn til Borgarness 2019


AFÞREYING

Spurning: Vinsamlega merktu við allt sem þú áætlast að upplifa í heimsókninni til Borgarness

Fjöldi svara: 663. Heildarfjöldi í könnun: 703. Svarhlutfall 94%

Safnaferðir (61%) og veitingastaðir (54%) var það sem erlendir ferðamenn gerðu sér helst til afþreyingar í Borgarnesi sumarið 2019. Annað sem helst var nefnt voru ljósmyndun (32%) og gönguferð án leiðsagnar (21%). Hlutfall þeirra sem heimsóttu söfn var lægst í yngsta aldurshópnum (50%) en fór hækkandi með hækkandi aldri og var hæst í elsta aldurshópnum (76%). Kaup á veitingum var einnig hæst í elsta aldurshópnum (72%) en lægst í aldursflokknum 25-34 ára (48%). Þá höfðu 10% aldurshópsins 45-54 ára farið í sund en enginn í yngsta aldurshópnum. Bandaríkjamenn (69%) og Bretar (66%) fóru helst á söfn en Spánverjar (44%) síst. Bandaríkjamenn (62%) ásamt Ítölum og Bretum (67%) keyptu helst veitingar en Þjóðverjar og Spánverjar (37%) síst. Bandaríkjamenn (12%) og Þjóðverjar (11%) fóru helst í sund en enginn Spánverja og þá voru Þjóðverjar (5%) einir um að fara í reiðtúr. Svarendur frá öðrum búsetulöndum voru of fáir til þess að hægt væri að greina svör þeirra frekar (viðauki 14).

Mynd 18 sýnir samanburð við niðurstöður fyrri könnunar (miðað var við afþreyingarkosti sem náðu 5% svörun). Fleiri fóru á söfn og veitingahús nú en 2017 en færri fóru í sund. Mesta breytingin á milli ára er þó sú að árið 2017 merktu 43% við flokkinn „Annað“ en einungis 10% sumarið 2019. Þegar rýnt var í þau svör kom í ljós að í báðum tilfellum var matvöruverslun helsta önnur afþreying eða þjónusta auk þess sem margir sögðust vilja komast úr bílum og rétta úr sér án þess að telja það eiginlega gönguferð. Helsti munur milli ára var hins vegar upplýsingaöflun sem fjölmargir tilgreindu sumarið 2017 en var lítið nefnd sumarið 2019. Það rímar einnig við upplýsingaleit (sjá að ofan) þar sem umtalsvert færri höfðu leitað til upplýsingamiðstöðva nú en í fyrri könnun.




Mynd 18. Afþreying erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017

ÚTGJÖLD

Spurning um útgjöld er sett fram í nokkrum liðum, þar sem meðal annars er spurt um fjölda ferðafélaga, gjaldmiðil útgjalda og útgjaldaflokka. Fjöldi þeirra sem veitti svör í útgjalda hluta: 482. Heildarfjöldi í könnun: 703. Svarhlutfall 69%.

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna í Borgarnesi voru 7.309 kr. á sólarhring (mynd 19). Þau mældust nokkuð lægri nú en fyrir tveimur árum þegar þau voru 9.211 kr. og munaði þar mestu um lækkun í verslun á milli ára.² Hæstu útgjaldaliðirnir voru gisting, veitingar og menning. Líkt og árið 2017 keypti um helmingur ferðamanna (52%) veitingar á kaffi- eða veitingahúsum og rúmur fjórðungur gisti yfir nótt (26%). Nokkur aukning var meðal þeirra sem greiddu fyrir menningartengda þjónustu s.s. heimsóknir á söfn og aðra listviðburði og heldur fleiri keyptu minjagrip. Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, skoðunarferðir og sund en nokkur lækkun var þar á milli ára þar sem einungis 5% ferðamanna greiddu fyrir afþreyingu sumarið 2019.

Meðalútgjöld þjóðverja voru um 8.600 kr. og Bandaríkjamanna um 7.100 kr. en Frakkar eyddu mun minna eða um 5.200 kr. Þjóðverjar greiddu mest fyrir gistingu, verslun, samgöngur og afþreyingu en Bandaríkjamenn fyrir veitingar og menningu. Þjóðverjar voru líklegri til að dvelja yfir nótt á staðnum en Bandaríkjamenn og Frakkar sem skýrir að einhverju leyti hærri útgjöld þeirra fyrir gistingu.



Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017. Myndin sýnir annars vegar heildarútgjöld og hins vegar hvernig þau skiptast eftir útgjaldaliðum.


² Útgjöldin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Þau eru á verðlagi hvers árs og útgjöld í erlendri mynt umreiknuð í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert.

HÁPUNKTUR HEIMSÓKNARINNAR

Spurning: *Hver var hápunktur heimsóknar þinnar til Borgarness?*

Fjöldi svara: 108. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 16%

Algengast var að ferðamenn tengdu hápunkt heimsóknar við söfn staðarins (myndir 20 og 21) eða í 49% tilvika. Þar nefndu 17% Landnámssetrið sérstaklega en 32% nefndu söfn almennt og án frekari skilgreiningar. Um 15% sögðu fegurð svæðisins og náttúru hafa verið hápunkt heimsóknar þar sem flestir töluðu um útsýnið yfir hafið og landslagið í nágrenni bæjarins. Alls sögðu 10% ferðamanna veitingar og mat hafa verið hápunktinn. Færri nefndu aðra þætti s.s. gönguferð, afþreyingu, sögu og menningu, upplýsingar, verslun, gistingu og handverk. Einnig komust á blað minnismerkið um Þorgerði Brák og Skallagrímgarður. Of fá svör náðust við þessari spurningu til að hægt væri að greina þau eftir bakgrunnsbreytum.³



Mynd 21. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Borgarness 2019



Mynd 20. Hápunktur heimsóknar til Borgarness 2019 - orðaský

³ Ekki var spurt um hápunkt heimsóknar í könnun 2017 og því er ekki til samanburður á milli ára

MEÐMÆLASKOR


Spurning: Á kvarða 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með Borgarnesi sem áfangastað?

Fjöldi svara: 555. Heildarfjöldi í könnun: 703. Svarhlutfall 79%

Á undanförunum árum hefur í könnunum Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna verið mælt fyrir svokölluðu meðmælaskori, e. Net Promoter Score – NPS, (Ferðamálastofa, e.d.-e) NPS er alþjóðlegur mælikvarði á viðskiptatryggð sem segir meðal annars til um líkindi þess að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu, fyrirtæki (Reichheld, 2003) eða í þessu tilviki, áfangastað. Við mælingu á NPS eru líkindi meðmæla gefin á 10 punkta kvarða. Svör á bilinu 9-10 teljast til meðmæla, 7-8 hlutlaus og 0-6 ekki til meðmæla. Skorið reiknast með því að draga hlutfall þeirra sem ekki mæla með frá hlutfalli meðmælenda. Það þýðir að NPS skor getur lágst orðið -100 og hæst +100.

Tæplega 71% erlendra gesta í Borgarnesi töldu líklegt að þeir myndu mæla með staðnum sem áfangastað meðan 9% töldu það ólíklegt og 21% voru hlutlaus (mynd 22) (viðauki 15). NPS skor ferðamanna í Borgarnesi mældist því +62⁴ af -/+100 eða nokkuð lægra en skorið fyrir Ísland allt sem var +78 sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-f).

Ítalir voru líklegastir til að mæla með áfangastaðnum Borgarnesi þar sem meðmælaskor þeirra mældist +81 til samanburðar við +74 hjá Bandaríkjamönnum og +45 hjá Þjóðverjum. Frakkar voru hins vegar ólíklegastir til meðmæla með skorið +24. Ekki var að sjá mun á meðmælaskori kynjanna en skorið var hæst meðal elstu svarendanna (+70) en lægst meðal þeirra yngstu (+55).




Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019



Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn í Borgarnesi 2019 geta mælt með staðnum

Í opnum spurningum voru þeir sem töldust meðmælendur beðnir um að tilgreina helstu ástæðu meðmæla. Þar bar mest á ummælum um fegurð staðarins, þá sérstaklega útsýni yfir hafið, fallett landlag og að bærinn sjálfur væri fallegur. Einnig voru söfn bæjarins nefnd og þá sérstaklega Landnámssetrið. Þá voru heimamenn sagðir vingjarnlegir auk þess sem staðsetning bæjarins væri góð, saga hans áhugaverð, maturinn góður og gott væri að versla (mynd 23).

Þeir sem töldust ekki til meðmælenda voru beðnir um að tilgreina hvað þyrfti að bæta áður en þeir gætu mælt með áfangastaðnum. Þar sögðu flestir að of lítið væri um að vera í bænum og allnokkrum fannst að sérstaklega vantaði meiri afþreyingu. Einhverjir töldu of mikinn hávaða og óprifnað vera á tjaldsvæðinu og að bæta þyrfti upplýsingar til ferðamanna. Enginn taldi hátt verðlag koma í veg fyrir meðmæli með staðnum en hins vegar taldist veður í einhverjum tilfellum hafa verið of



Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019 um það sem þarf að bæta til þess að mælt verði með staðnum

⁴ Meðmælaskor var ekki hluti könnunar 2017 og því er ekki til samanburður milli ára

leiðinlegt til að hægt væri að mæla með Borgarnesi sem áfangastað (mynd 24).


ÁNÆGJA

Spurning: *Hversu ánægð/-ur ertu heilt yfir með heimsókn þína til Borgarness?*

Fjöldi svara: 624. Heildarfjöldi í könnun 703. Svarhlutfall 89%

Flestir voru ánægðir með heimsóknina til Borgarness. Þegar rýnt var í niðurstöður út frá bakgrunnsbreytum kom í ljós að í langflestum tilfellum var hlutfall ánægðra (55%) hærra en mjög ánægðra (42%) nema í tilfelli elstu svarendanna sem voru oftast mjög ánægðir (60%) en ánægðir (38%). Mestur munur kom fram hjá Frökkum sem voru oftast ánægðir (67%) en mjög ánægðir (25%) meðan minnstur munur sást hjá Þjóðverjum sem voru jafn ánægðir (49%) sem mjög ánægðir (47%) (viðauki 16).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 25) sýnir að hlutfallslega fleiri voru nú mjög ánægðir og færri hlutlausir. Við útreikning á ánægjustigi eru teknir saman flokkarnir ánægðir og mjög ánægðir (Ferðamálastofa e.d.-f). Með því fæst ánægjustig erlendra ferðamanna í Borgarnesi upp á 97% sem er umtalsvert hærra en ánægjustig fyrri könnunar sem var 87%. Til samanburðar var ánægjustig erlendra ferðamanna á Íslandi 96% sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-f).



Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna í Borgarnesi 2019, samanborið við 2017

OPNAR ATHUGASEMDIR


Spurning: *Eru einhverjar viðbótarathugasemdir, spurningar eða ábendingar sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína í Borgarnesi?*

Fjöldi svara: 85. Fjöldi svarenda: 60. Heildarfjöldi í könnun: 703. Svarhlutfall: 9%

Tæpur helmingur opinna athugasemda um heimsókn til Borgarness voru orð eins og hreint, friðsælt, notalegt og fallegt (mynd 26). Tæpur þriðjungur voru ýmis hrósrýni um vinsemd heimamanna, staðinn almennt, Ísland í heild og söfn bæjarins auk ummæla um skemmtigildi sundlaugar og gæða matar. Fjórdungur nefndi söfn bæjarins sérstaklega, flestir til að lýsa mikilli ánægju en nokkrir nefndu þó hátt verð sem ekki hefði staðið undir væntingum.

Fimmtungur athugasemdanna voru ábendingar um ýmislegt það sem betur mætti fara. Þar bar mest á ummælum um þörf fyrir meiri og fjölbreyttari afþreyingu en einnig að bæta þyrfti merkingar í bænum, bæta salernisaðstöðu á tjaldsvæði og lengja þyrfti opnunartíma verslana.

Loks má nefna athugasemdir um að staðurinn kæmi ánægjulega á óvart, væri meira en bara viðkomustaður í ferðaleið og að hefðu menn vitað af því hefði verið gert ráð fyrir lengri viðkomu.



Mynd 26. Opnar athugasemdir erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarness 2019

UMRÆÐUR

Bakgrunnur sumarferðamanna í Borgarnesi fellur vel að tölum um ferðamenn á landsvísu (Ferðamálastofa e.d. -a). Líkt og í fyrri könnun eru þó konur aðeins fleiri en karlar en búsetulönd erlendra ferðamanna í Borgarnesi ríma betur nú við bakgrunn erlendra ferðamanna á landsvísu. Munar þar mestu um aukinn fjölda Bandaríkjamanna. Langflestir ferðuðust á bílaleigubílum og hafði hlutfall þess ferðamáta hækkað frá fyrri könnun. Er það nokkuð hærra hlutfall (84%) en greinist á landsvísu (60%) (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019). Langflestir eru á ferð með fjölskyldu og vinum en annars í hópferð og er hlutfall þess ferðamáta litlu minni (8%) en gerist á landsvísu (10%) (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019).

Í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu (Stjórnarráðið, e.d.) er meðal annars lögð áhersla á að ferðaþjónusta verði heilsárs atvinnugrein og í því sambandi minnt á mikilvægi samgangna. Hvað þær varðar má vera ljóst að mörg svæði landsins eru í verri aðstöðu en Borgarnes. Bærinn stendur við þjóðveg 1 auk þess að vera í þægilegri akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæði og alþjóðaflugvellingum í Keflavík. Enda er ljóst að í venjulegu árferði fer gríðarlegur fjöldi ferðamanna um Borgarnes.


Könnunin nú staðfestir niðurstöðu fyrri könnunar um að skyndiákvörðun ræður því að fólk stoppar í Borgarnesi og vegna þess að staðurinn er í leiðinni. Í heildina var minna um að menn leituðu að upplýsingum um Borgarnes heldur en í fyrri könnun en helstu upplýsingaveitur voru áfram þær sömu, ferðabækur- og bæklingar og leit á vef. Nú eins og í fyrri könnun var upplýsingaleit á samfélagsmiðlum hins vegar sáralítill.

Dvalartíminn í Borgarnesi var stuttur og dvöldu langflestir þar innan við sex tíma. Það rímar og vel við að ákvörðun um heimsókn felist í skyndiákvörðun eða að staðurinn sé í ferðaleið. Aðeins fjórðungur erlendra ferðamanna gisti í Borgarnesi og var það örlítill lækkun frá fyrri könnun.

Meðalútgjöld hvers erlends ferðamanns í Borgarnesi voru 7.309 kr. á sólarhring sem var nokkur lækkun frá fyrri könnun, mest vegna minni verslunar. Í báðum könnunum vógu mest gisting, veitingar og menning, það er safnaferðir. Helsta afþreying gesta í Borgarnesi var einmitt safnaferðir auk kaupa á veitingum og merktu fleiri við þessa liði nú en í fyrri könnun. Færri fóru í sund nú en áður og önnur afþreying sem greiða þurfti fyrir var lítið nefnd. Ljósmyndun og gönguferðir án leiðsagnar voru vinsælir afþreyingarkostir en skila hins vegar ekki beinum tekjum til ferðaþjónustu á staðnum.

Sjálfbærni er skýrt áhersluatriði í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu og felur hún meðal annars í sér að áhrif atvinnugreinarinnar verði aukin hagsæld á heimsóknarsvæðum (Stjórnarráðið, e.d.). Stuttur dvalartími ferðamanna í Borgarnesi, lágt hlutfall gistingar á staðnum auk athugasemda ferðamanna um að staðinn vanti afþreyingu benda til þess að Borgarnes eigi enn töluvert í land með að verða skýr áfangastaður í huga erlendra ferðamanna. Hins vegar er ljóst að söfnin/sýningar draga nokkuð að og ánægja gesta með söfnin og hlutur safnferða í heildarútgjöldum undirstrikar hve miklu máli það skiptir áfangastað að hafa aðráttarafl til að fá ferðamenn til að nema staðar á leið þeirra um hringveginn. Það sem er jákvæðast er þó hve ánægðir erlendir ferðamenn voru með heimsókn sína til Borgarnes. Ánægjustig þeirra (97%) var vel á pari við ánægjustig erlendra sumarferðamanna á landsvísu (96%) (Ferðamálastofa, e.d.-f). Meðmælaskorið í Borgarnesi var hins vegar +62 sem er nokkru lægra en markmið íslenskrar ferðaþjónustu sem er +75 af -/+100 (Stjórnarráðið, e.d.). Saman veita þessir tveir mælikvarðar mikilvægar upplýsingar. Þeir sýna að lágt meðmælaskor áfangastaðar þarf ekki að þýða að ferðamenn hafi verið óánægðir. Á hinn bóginn þýðir hátt ánægjustig ekki endilega að ferðamenn sjái ástæðu til að mæla með áfangastað.

Af athugasemdum þeirra sem tjáðu sig í opnum spurningum að dæma kemur fram að staðinn vanti afþreyingu - segul - og er helst að sjá að Borgarnes sé álitinn þægilegur viðkomustaður þar sem gott sé að rétta úr sér, fá sér kannski að borða og skoða safn ef eitthvað. Dæmi voru þó um að menn lýstu yfir undrun yfir fegurð og möguleikum staðarins sem hefðu farið framhjá ferðamönnum við skipulag ferðar (mynd 27). Það fellur vel að niðurstöðum um litla upplýsingaleit um staðinn, skyndiákvörðun um heimsókn og að staðurinn sé aðallega hluti af lengri ferðaleið. Það sýnir einnig fram á möguleika Borgarness til að nýta betur hinn mikla fjölda ferðamanna sem fer um svæðið sem er mikilvægt í ljósi sjálfbærni atvinnugreinarinnar.



Mynd 27. Nokkur ummæli erlendra ferðamanna um heimsókn til Borgarnes 2019

SAMANBURÐUR RANNSÓKNASVÆÐA 2019

Óháð heimsóknarsvæði voru erlendir ferðamenn sumarsins 2019 fólk í fríi á ferð með fjölskyldu og vinum og þá helst á bílaleigubíl. Meðalaldur gesta á könnunarstöðunum fjórum var vel sambærilegur eða 42-46 ár og kynjahlutföll á Akureyri og í Mývatnssveit jöfn en konur lítillega fleiri en karlar á Höfn og í Borgarnesi. Hinir erlendu sumarferðamenn á stöðunum fjórum voru almennt ánægðir með heimsókn sína. Þessar niðurstöður voru því mjög sambærilegar milli staðanna fjögurra. Heldur fór hins vegar að draga sundur þegar kom að ákvörðun um heimsókn, upplýsingaleit, meðmælum, gistingu, afþreyingu og útgjöldum.

Í Borgarnesi var hæst hlutfall þeirra sem voru á staðnum vegna ferðaleiðar eða skyndiákvörðunar en lægst hlutfall þeirra sem höfðu ákveðið viðkomu áður en til Íslands var komið. Niðurstöður á Höfn voru nokkuð á sömu leið meðan hlutfall skyndiákvörðunar/ferðaleiðar var umtalsvert lægra á Akureyri og í Mývatnssveit og herra hlutfall hafði því ákveðið heimsókn til þeirra staða fyrir Íslandsferð. Enginn þessara fjögurra staða reyndist hins vegar hafa verið helsta ástæða Íslandsferðar. Þannig sögðu aðeins 4% að Akureyri væri meginástæða Íslandsferðar, 2% sögðu það um Mývatnssveit 2% en einungis 0,6% töldu það eiga við Höfn og Borgarnes.

Dvalartími erlendra ferðamanna var áberandi stytur í Borgarnesi (9,2 klst.) en lengst dvöldu menn á Akureyri (24,6 klst.). Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru tvöfalt hærri á Akureyri (15.816 kr.) og í Mývatnssveit (15.174 kr.) heldur en í Borgarnesi (7.309 kr.) og útgjöld á Höfn (10.603 kr.) voru þar á milli. Þeir þættir sem mestu réðu varðandi útgjöld voru gisting og afþreying. Lægst útgjöld í báðum þessum flokkum voru í Borgarnesi, því næst á Höfn en hæstu útgjöldin fyrir afþreyingu og gistingu voru á Akureyri með Mývatnssveit fast á eftir.

Hlutfall gistingar var hæst á Akureyri, litlu lægra í Mývatnssveit en umtalsvert lægst í Borgarnesi. Hvað varðar gistimáta áttu þó staðirnir fjórir það sameiginlegt að hæst hlutfall gistingar var alls staðar á hótelum og gistiheimilum. Hlutfall einkagistingar, airbnb, var hæst á Akureyri, umtalsvert lægra á Höfn og í Borgarnesi og þar á milli í Mývatnssveit. Gisting á tjaldsvæðum var töluvert meiri á Höfn og í Mývatnssveit en á hinum stöðunum tveimur.

Ánægja með heimsókn reyndist alls staðar mikil, var hæst 99% á Akureyri og lægst 94% á Höfn. Töluverður breytileiki kom hins vegar fram á meðmælaskori. Í Mývatnssveit (+79) og á Akureyri (+78) var skorið vel yfir +75 viðmiðum sem sett voru í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu (Stjórnarráðið, e.d). Meðmælaskorið var nokkuð lægra í Borgarnesi (+62) en umtalsvert lægst á Höfn (+30). Í Borgarnesi og á Höfn var það lítið framboð afþreyingar sem helst kom í veg fyrir meðmæli auk þess sem skortur á gistingu, hátt verðlag hennar og lélegt tjaldsvæði drógu úr því að menn teldu sig geta mælt með Höfn sem áfangastað.

Hver staður hefur sitt aðdráttarafi og afþreyingarkosti. Á Akureyri stóðu upp úr heimsóknir í Lystigarði, Akureyrarkirkju og á kaffihús bæjarins. Í Mývatnssveit nutu göngutúrar, Jarðböðin og útsýnisferðir mestra vinsælda. Á Höfn voru það veitingahúsaferðir og afslöppun en í Borgarnesi verslun, safnaferðir og tækifæri til að rétta úr sér. Þessar niðurstöður ramma raunar inn það sem virðist vera helsti tilgangur heimsókna til þessara staða. Mest fjölbreytni afþreyingar var á Akureyri. Þar og í Mývatnssveit nýttu flestir afþreyingu en mun færri á Höfn og í Borgarnesi. Útgjaldatölur í Mývatnssveit, þar sem langflestir erlendra gesta heimsækja Jarðböðin og í Borgarnesi þar sem flestir heimsækja söfnin, sýna einnig hvað verðlag mikilvægustu afþreyingar skiptir miklu máli í heildarútgjöldum ferðamanna enda er það „...að geta laðað að mikinn fjölda ferðamanna sem lítið skilja eftir sig ekki traustur grunnur fyrir sjálfbærar vöxt...“⁵ (Lester og Weeden, 2004, bls. 43).

⁵ ...being able to attract high numbers of low yield tourists is not a solid foundation for sustainable growth”.

LOKAORÐ

Ferðapjónusta heimsins er sú grein sem hvað harðast hefur orðið fyrir barðinu á afleiðingum heimsfaraldursins Covid-19 (SP-WTO, e.d.). Í miðri hringiðu faraldursins gáfu stjórnvöld um allan heim út tilmæli og tilskipanir til þegna sinna um takmarkanir á ferðum og var landamærum víða lokað með afleiddum höftum á alþjóðaflug (sjá t.d. Dagný Hulda Erlendsdóttir, 2020, 17.mars; Róbert Jóhannsson. 2020, 12. mars; Ævar Örn Jósefson, 2020; 17. mars). Afleiðingarnar á flug heimsins urðu víðtækar. Sætaframboð á evrópskum flugleiðum féll til að mynda um fast að 90% fyrstu mánuði ársins 2020 (CAPA, 2020). En flest el birtir þó upp um síðir. Undir lok apríl 2020 var farið að hylla undir örlitla aukningu á sætaframboði (CAPA, 2020) og um miðjan maí fóru stjórnvöld fjölmargra ríkja að boða opnun landamæra í mis-varfænum skrefum, þar á meðal voru íslensk stjórnvöld (Stjórnarráðið, 2020, 2. maí).

Opnun landamæra þýðir þó ekki að ferðapjónusta veraldar falli sjálfkrafa og umsvifalaust í sama farið á ný. Líkt og vikið var að í inngangskafla hefur alþjóðaferðamálaráðið kallað eftir nýrri hugsun við endurbyggingu ferðapjónustu heimsins (SP-WTO, e.d.). Fleiri hafa orðið til þess að boða nýja tíma í skipulagningu ferðapjónustu í kjölfar heimsfaraldursins. Nægir þar að nefna samráðsvettvanginn Tourism From Zero sem á íslensku mætti kalla Ferðamennska á byrjunarreit. Það er alþjóðlegur samstarfsvettvangur rannsakenda, fyrirtækja og stofnana sem með söfnun upplýsinga um áhrif kórónufaraldursins á ferðapjónustu, leita sameiginlegra leiða til úrlausna og uppbyggingar ábyrgar ferðapjónustu (Tourism from zero, e.d.).

Fyrri áföll heimssögunnar hafa sýnt að ferðapjónusta hefur jafnan náð að rétta úr kútnum á ný (Hall, Scott og Gössling, 2020; Ioannides og Gyimóthy, 2020). Alþjóðaferðamálaráðið kallar eftir því að virðing fyrir heimsóknarsvæðum og gestum verði í forgrunni við ákvarðanir og að endurskipulagning ferðapjónustunnar byggji á samvinnu, upplýsingum og þekkingu (SP-WTO, e.d.). Svæðisbundnar kannanir meðal erlendra ferðamanna eru liður í þeirri þekkingarsköpun og niðurstöður þeirra því mikilvæg gögn jafnt fyrir ferðapjónustuna, stjórnvöld og ekki síst viðkomandi heimsóknarsvæði.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar meðal erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2019. Í viðauka eru birtar krosstöflur sem sýna svör könnunarinnar út frá bakgrunnsbreytum og reiknaðri marktækt eftir því sem við á. Sumarið 2019 voru ferðavenju- og útgjaldakannanir lagðar fyrir erlenda sumarferðamenn á fjórum stöðum. Í öllum tilfellum var um að ræða endurtekna könnunarstaði. Það sem þessar kannanir sýna er breytileiki heimsóknarsvæða, mikilvægi staðsetningar og þjónustuframboðs.

Kannanir sem þessar verða aldrei algildur sannleikur en þær veita staðbundna innsýn í hvata, hegðun og neyslu erlendra ferðamanna og með þeim fá viðkomandi heimsóknarsvæði mikilvægar vísbendingar um eigin frammistöðu, vísbendingar sem ekki er unnt að fanga á sama hátt í könnunum sem gerðar eru á landsvísu. Á komandi árum mætti dýpka gagnaöflun enn frekar með því að taka einnig viðtöl við erlenda ferðamenn og þar með beita blandaðri rannsóknaraðferð.

Ljóst er þó að þær upplýsingar sem þegar hefur verið aflað með staðbundnum könnunum meðal erlendra sumarferðamanna eru mikilvægt innlegg í þekkingarbrunn íslenskrar ferðapjónustu. Slík gögn eru gott veganesti fyrir uppbyggingu ferðapjónustunnar og nýtast jafnt stjórnvöldum sem heimsóknarsvæðum til stefnumörkunar, endurskipulagningar og markaðssetninga. Að auki hafa kannanir frá árinu 2015 skapað góðan gagnagrunn sem veitir tækifæri til dýpri tölfræðilegrar greiningar og grunn fyrir fræðilegar rannsóknir á svæðisbundinni ferðapjónustu á Íslandi.

HEIMILDIR

- Borgarbyggð (2017, 21. mars). Saga Borgarness í 150 ár. Sótt 3. apríl 2020 af <https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/frettir-ur-borgarbyggd/sagaborgarnessi150ar>
- CAPA - Centre for Aviation. (2020). European airline capacity up for the first time in COVID-19 crisis. Sótt 10. maí 2020 af <https://centreforaviation.com/analysis/reports/european-airline-capacity-up-for-the-first-time-in-covid-19-crisis-522843>
- Cristi Frent. (2013). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part I*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Cristi Frent. (2014a). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part II*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Cristi Frent. (2014b). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: New Developments for the Icelandic Tourism Satellite Account: Tourism Gross Fixed Capital Formation and Tourism Collective Consumption*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Dagný Hulda Erlendsdóttir. (2020, 17.mars) Leiðtogar ESB samþykktu 30 daga ferðabann. *Ríkisútvarpið*. Sótt 30 mars 2020 af <https://www.ruv.is/frett/leidtogar-esb-samthykktu-30-daga-ferdabann>
- Ferðamálastofa. (e.d. -a). Mælaborð ferðaðjónustunnar. Ferðamenn á Íslandi. Bakgrunnur erlendra ferðamanna á Íslandi. Sótt 7. maí 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/bakgrunnur>
- Ferðamálastofa. (e.d. -b). Ferðamenn um Keflavíkflugvöll. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>
- Ferðamálastofa. (e.d.-c). *Ferðaðjónustan í tölum – sumar 2019*. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusa-i-tolum/2019/september/sumar-2019-3.pdf>
- Ferðamálastofa (e.d. – d). Mælaborð ferðaðjónustunnar: Ferðamenn á Íslandi. Dvalarlengd og gistimáti. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/dvalarlengd-gistimati>
- Ferðamálastofa. (e.d.-e) Ferðavenjur erlendra ferðamanna. Sótt 18. apríl 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>
- Ferðamálastofa. (e.d.-f). Mælaborð ferðaðjónustunnar: Ferðamenn á Íslandi, Ánægja með Íslandsferð. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/anaegja-med-islandsferd>
- Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson. (2001). Áhrif samgöngubóta á byggðapróun. Sótt 3. apríl 2020 af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ahrif_samgongubota.pdf.
- Hall, C. M., Scott, D og Gössling, S. (2020). Panademics, transformations and tourism: be careful what you wish for. *Tourism geographies*, DOI: 10.1080/14616688.2020.1759131
- Ioannides D. og Gyimóthy, S. (2020). The COVID-19 crisis as an opportunity for escaping the unsustainable global tourism path. *Tourism Geographies*, DOI: 10.1080/14616688.2020.1763445
- Kar, S. S og Ramalingam, A. (2013). Is 30 the magic number? Issues in sample size estimation. *National journal of community medicine* 4(1), 175-179.
- Lester, J.-A. og Weeden, C. (2004). Stakeholders, the natural environment and the future of Caribbean cruise tourism. *International Journal of Tourism Research*, 6(1), 39–50, DOI: 10.1002/jtr.471

- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2016a). *Erlendir gestir í Mývatnssveit 2015*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2016b). *Erlendir gestir á Höfn í Hornafirði 2015*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018a). *Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_borgarnespdf
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018b). *Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_akureyripdf
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018c). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_myvatnpdf
- Rögnvaldur Guðmundsson. (2019). *Erlendir ferðamenn og hringvegurinn 2010-2018*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf.
- Reichheld, F. F. (2003). The one number you need to grow," *Harvard Business Review*, 81, (bls.46–54)
- Róbert Jóhannsson. (2020, 12. mars). Bandaríkin loka á flug frá Evrópu í 30 daga. *Ríkisútvarpið*. Sótt 22. mars 2020 af <https://www.ruv.is/frett/bandarikin-loka-a-flug-fra-evropu-i-30-daga>
- Stjórnarráðið (e.d.) Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030. Sótt 3 mars af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/framtidarsyn-og-leidarljós-islenskrar-ferdathjonustu-til-2030/>
- Stjórnarráðið. (2020, 2. maí). Heilbrigðisráðuneytið: Ferðatakmarkanir rýmkaðar í skrefum. Sótt 14. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/12/Ferdatakmarkanir-rymkadar-i-skrefum/>
- SP-DESA Sameinuðu þjóðirnar – Deild efnahags- og félagsþróunar. (2010a). *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations.
- SP-DESA Sameinuðu þjóðirnar – Deild efnahags- og félagsþróunar. (2010b). *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008*. New York: United Nations.
- SP-WTO Sameinuðu þjóðirnar – Alþjóða ferðamálaráðið. (e.d.) COVID-19: Putting people first. Sótt 3. maí 2019 af <https://www.unwto.org/tourism-covid-19>
- Vaske, J. J. (2008). *Survey research and analysis: Application in parks, recreation and human dimensions*. Pennsylvania: Venture Publishing.
- Ævar Örn Jósefsson. (2020, 17. mars). Fámennt í farþegarýminu. *Ríkisútvarpið*. Sótt 23. mars, 2020 af <https://www.ruv.is/frett/famennt-i-farthegaryminu>

VIÐAUKAR

Viðauki 1: Kyn	28
Viðauki 2. Aldur	29
Viðauki 3. Búsetuland	30
Viðauki 4. Ferðamáti.....	31
Viðauki 5. Ferðafélagar	32
Viðauki 6 Tilgangur ferðar	32
Viðauki 7. Ákvörðun um heimsókn.....	33
Viðauki 8. Upplýsingaleit	34
Viðauki 9. Dvalarlengd.....	35
Viðauki 10. Gistihlutfall	35
Viðauki 11. Gistimáti	36
Viðauki 12. Gisting fyrir heimsókn	36
Viðauki 13. Gisting eftir heimsókn	37
Viðauki 14. Afþreying	38
Viðauki 15. Líkindi meðmæla	39
Viðauki 16. Ánægja með viðdvöl	40

Viðauki 1: Kyn

		Kyn				
		Kona	Karl	Fjöldi svara	Marktekt	
Allir	Allir	57.7%	42.3%	698		
Aldursflokkar	18-24 ára	46.2%	53.8%	39	A -----	
	25-34 ára	58.2%	41.8%	134	B -----	
	35-44 ára	62.8%	37.2%	129	C -----	
	45-54 ára	57.0%	43.0%	193	D -----	
	55-64 ára	55.5%	44.5%	119	E -----	
	65 ára og eldri	59.3%	40.7%	81	F -----	
Búsetuland	Þýskaland	62.5%	37.5%	72	A ----- K ---	
	Bandaríkin	59.2%	40.8%	184	B ----- K ---	
	Frakkland	50.9%	49.1%	57	C ----- G -----	
	Ítalía	55.7%	44.3%	61	D -----	
	Spánn	62.8%	37.2%	43	E ----- K ---	
	Sviss	62.5%	37.5%	16	F -----	
	Holland	74.1%	25.9%	27	G -- C ----- K ---	
	Bretland	58.5%	41.5%	41	H -----	
	Kanada	53.3%	46.7%	30	I -----	
	Austurríki	53.8%	46.2%	26	J -----	
Gisting	Já	57.8%	42.2%	180	A --	
	Nei	57.5%	42.5%	511	B --	
	Dvalarlengd	0-3 klst.	58.5%	41.5%	441	A -----
		3-6 klst.	59.3%	40.7%	54	B -----
		6-12 klst.	60.0%	40.0%	15	C -----
		12-24 klst.	52.9%	47.1%	104	D -----
		24-48 klst.	61.8%	38.2%	34	E -----
		3-4 daga	61.9%	38.1%	21	F -----
		5 daga +	60.0%	40.0%	10	G -----
		Meðmæli	Mæla með	53.6%	46.4%	153
Hlutlausir	47.4%		52.6%	57	B ---	
Mæla ekki með	60.0%		40.0%	25	C ---	
Ánægja	Ánægð	56.2%	43.8%	603	A ---	
	Hlutlaus	64.7%	35.3%	17	B ---	
	Óánægð	100.0%	0.0%	1	C ---	

Viðauki 2. Aldur

		Aldursflokkar							Fjöldi svara	Marktekt
		18-24 ára	25-34 ára	35-44 ára	45-54 ára	55-64 ára	65 ára og eldri			
Allir	Allir	5.6%	19.4%	18.6%	27.9%	17.0%	11.6%	700		
Kyn	Konur	4.5%	19.5%	20.2%	27.4%	16.5%	12.0%	401	A --	
	Karlar	7.1%	19.0%	16.3%	28.2%	18.0%	11.2%	294	B --	
Búsetuland	Þýskaland	8.1%	20.3%	16.2%	21.6%	20.3%	13.5%	74	A -- C ----- M -	
	Bandaríkin	4.4%	12.0%	12.0%	26.8%	22.4%	22.4%	183	B -- C D E ---- J --- N	
	Frakkland	1.8%	15.8%	21.1%	36.8%	22.8%	1.8%	57	C A B ----- N	
	Ítalía	6.6%	29.5%	24.6%	26.2%	11.5%	1.6%	61	D - B ----- H -----	
	Spánn	14.3%	23.8%	21.4%	19.0%	16.7%	4.8%	42	E - B ----- H -----	
	Sviss	5.9%	17.6%	29.4%	29.4%	11.8%	5.9%	17	F -----	
	Holland	7.4%	11.1%	25.9%	29.6%	18.5%	7.4%	27	G -----	
	Bretland	2.4%	7.1%	14.3%	45.2%	14.3%	16.7%	42	H --- D E ----- N	
	Kanada	6.7%	23.3%	23.3%	26.7%	10.0%	10.0%	30	I -----	
	Austurríki	3.8%	23.1%	19.2%	42.3%	11.5%	0.0%	26	J - B -----	
	Pólland	0.0%	0.0%	50.0%	33.3%	16.7%	0.0%	6	K -----	
	Ísrael	0.0%	25.0%	12.5%	50.0%	12.5%	0.0%	8	L -----	
	Belgía	0.0%	12.5%	12.5%	75.0%	0.0%	0.0%	8	M A ----- N	
	Önnur lönd	5.9%	30.5%	21.2%	18.6%	12.7%	11.0%	118	N - B C ---- H ---- M -	
	Gisting	Já	7.2%	17.8%	15.6%	24.4%	23.3%	11.7%	180	A --
Nei		4.9%	20.1%	19.9%	28.7%	15.0%	11.5%	513	B --	
Dvalarlengd	0-3 klst.	5.2%	18.8%	20.6%	28.1%	15.2%	12.2%	442	A ---- E --	
	3-6 klst.	1.8%	27.3%	18.2%	34.5%	12.7%	5.5%	55	B ----- G	
	6-12 klst.	13.3%	26.7%	13.3%	13.3%	20.0%	13.3%	15	C -----	
	12-24 klst.	4.9%	22.3%	17.5%	20.4%	24.3%	10.7%	103	D -----	
	24-48 klst.	8.8%	11.8%	11.8%	32.4%	32.4%	2.9%	34	E A -----	
	3-4 daga	4.5%	18.2%	4.5%	31.8%	13.6%	27.3%	22	F -----	
	5 daga +	10.0%	0.0%	0.0%	30.0%	30.0%	30.0%	10	G - B -----	
	Meðmæli	Mæla með	8.5%	23.5%	15.7%	30.7%	11.8%	9.8%	153	A ---
Hlutlausir		7.0%	22.8%	19.3%	29.8%	12.3%	8.8%	57	B ---	
Mæla ekki með		3.8%	26.9%	15.4%	30.8%	15.4%	7.7%	26	C ---	
Ánægja	Ánægð	5.6%	19.2%	18.4%	27.5%	17.2%	11.9%	603	A ---	
	Hlutlaus	11.1%	33.3%	22.2%	22.2%	0.0%	11.1%	18	B ---	
	Óánægð	0.0%	0.0%	100.0%	0.0%	0.0%	0.0%	1	C ---	

Viðauki 3. Búsetuland

		Hvert er búsetuland þitt?																														
		Astralía /Nýja Sjáland	Austurríki	Eystrasaltslönd	Belgía	Kanada	Kína	Danmörk	Finnland	Frakkland	Þýskaland	Hong Kong	Indland	Írland	Ísrael	Ítalía	Japan	Holland	Noregur	Pólland	Rússland	Singapúr	S-Kórea	Spánn	Svíþjóð	Sviss	Tævan	Stóra Bretland	Banda-rikin	Önnur lönd	Fjöldi svara	Marktekkt
Allir	Allir	1.9%	3.7%	0.7%	1.1%	4.3%	1.0%	1.1%	0.7%	8.2%	10.6%	0.4%	0.0%	0.0%	1.1%	8.7%	0.0%	3.9%	1.3%	0.9%	0.6%	0.9%	0.3%	6.2%	0.9%	2.4%	0.4%	6.0%	26.5%	6.2%	698	
Kyn	Konur	2.0%	3.5%	0.8%	1.3%	4.0%	1.3%	0.8%	0.5%	7.3%	11.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.8%	8.5%	0.0%	5.0%	1.8%	0.3%	0.0%	0.3%	0.5%	6.8%	0.8%	2.5%	0.8%	6.0%	27.3%	6.3%	399	AI --
	Karlar	1.7%	4.1%	0.7%	1.0%	4.8%	0.7%	1.7%	1.0%	9.5%	9.2%	1.0%	0.0%	0.0%	1.7%	9.2%	0.0%	2.4%	0.7%	1.7%	1.4%	1.7%	0.0%	5.4%	1.0%	2.0%	0.0%	5.8%	25.5%	6.1%	294	BI --
Aldursflokkar	18-24 ára	0.0%	2.6%	0.0%	0.0%	5.1%	0.0%	5.1%	0.0%	2.6%	15.4%	0.0%	0.0%	0.0%	10.3%	0.0%	5.1%	0.0%	0.0%	0.0%	5.1%	0.0%	15.4%	0.0%	2.6%	0.0%	2.6%	20.5%	7.7%	39	AI -----	
	25-34 ára	0.7%	4.4%	0.7%	0.7%	5.2%	1.5%	1.5%	2.2%	6.7%	11.1%	0.0%	0.0%	1.5%	13.3%	0.0%	2.2%	2.2%	0.0%	1.5%	1.5%	0.7%	7.4%	1.5%	2.2%	0.7%	2.2%	16.3%	11.9%	135	BI -----F	
	35-44 ára	0.8%	3.9%	0.0%	0.8%	5.5%	2.3%	0.0%	0.0%	9.4%	9.4%	1.6%	0.0%	0.0%	8.8%	11.7%	0.0%	5.5%	0.8%	2.3%	0.8%	0.8%	0.0%	7.0%	0.8%	3.9%	0.8%	4.7%	17.2%	9.4%	128	CJ -----F
	45-54 ára	2.1%	5.6%	0.5%	3.1%	4.1%	0.5%	0.5%	0.5%	10.8%	8.2%	0.5%	0.0%	0.0%	2.1%	8.2%	0.0%	4.1%	0.5%	1.0%	0.5%	0.5%	0.0%	4.1%	1.5%	2.6%	0.0%	9.7%	25.1%	3.6%	195	DI -----F
	55-64 ára	2.5%	2.5%	2.5%	0.0%	2.5%	0.0%	0.8%	0.8%	11.0%	12.7%	0.0%	0.0%	0.0%	0.8%	5.9%	0.0%	4.2%	1.7%	0.8%	0.0%	0.0%	0.8%	5.9%	0.0%	1.7%	0.8%	5.1%	34.7%	1.7%	118	EI -----
	65 ára og eldri	5.0%	0.0%	0.0%	0.0%	3.8%	1.3%	2.5%	0.0%	1.3%	12.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	1.3%	0.0%	2.5%	2.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.5%	0.0%	1.3%	0.0%	8.8%	51.3%	3.8%	80	FJ -BCD--
Gisting	Já	2.7%	4.4%	1.6%	1.1%	6.0%	1.1%	1.6%	0.5%	6.6%	13.7%	0.5%	0.0%	0.0%	4.9%	0.0%	3.3%	0.5%	0.0%	0.5%	1.6%	1.1%	4.4%	1.1%	3.8%	1.1%	5.5%	25.3%	6.6%	182	AI --	
	Nei	1.4%	3.3%	0.4%	0.8%	3.7%	1.0%	1.0%	0.8%	8.8%	9.4%	0.4%	0.0%	0.0%	1.6%	10.2%	0.0%	4.1%	1.6%	1.2%	0.6%	0.6%	0.0%	6.7%	0.8%	2.0%	0.2%	6.3%	27.3%	5.9%	509	BI --
Dvalarlengd	0-3 klst.	1.1%	3.4%	0.2%	0.9%	3.6%	0.9%	0.7%	0.7%	8.4%	9.5%	0.5%	0.0%	0.0%	1.1%	10.5%	0.0%	4.3%	1.6%	1.1%	0.7%	0.5%	0.0%	6.6%	0.5%	2.0%	0.2%	5.9%	28.6%	6.4%	440	AI -----
	3-6 klst.	0.0%	3.8%	1.9%	0.0%	3.8%	1.9%	3.8%	1.9%	13.2%	5.7%	0.0%	0.0%	0.0%	3.8%	9.4%	0.0%	3.8%	1.9%	1.9%	0.0%	0.0%	0.0%	9.4%	1.9%	0.0%	0.0%	5.7%	24.5%	1.9%	53	BI -----
	6-12 klst.	6.7%	6.7%	0.0%	0.0%	6.7%	0.0%	0.0%	0.0%	6.7%	13.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	6.7%	0.0%	0.0%	0.0%	13.3%	0.0%	13.3%	6.7%	20.0%	15	CJ -----
	12-24 klst.	2.9%	2.9%	2.9%	1.9%	3.8%	0.0%	1.0%	1.0%	6.7%	15.4%	1.0%	0.0%	0.0%	1.0%	7.7%	0.0%	2.9%	1.0%	0.0%	1.0%	2.9%	1.9%	5.8%	1.0%	1.9%	1.0%	4.8%	23.1%	4.8%	104	DI -----
	24-48 klst.	5.7%	8.6%	0.0%	0.0%	11.4%	0.0%	0.0%	0.0%	5.7%	17.1%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	5.7%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	8.6%	0.0%	5.7%	2.9%	5.7%	20.0%	2.9%	35	EI -----
	3-4 daga	0.0%	4.5%	0.0%	0.0%	9.1%	4.5%	4.5%	0.0%	0.0%	4.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	4.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	4.5%	0.0%	0.0%	4.5%	54.5%	4.5%	22	FJ -----
	5 daga +	0.0%	10.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	10.0%	30.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	10.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	20.0%	20.0%	0.0%	10
Meðmæli	Mæla með	2.6%	1.9%	0.6%	2.6%	5.8%	0.6%	1.3%	0.6%	9.7%	8.4%	1.3%	0.0%	0.0%	1.9%	6.5%	0.0%	1.3%	1.3%	1.3%	2.6%	0.6%	0.0%	7.8%	1.9%	1.3%	1.3%	5.2%	23.4%	7.8%	154	AI ---
	Hlutlausir	0.0%	7.0%	0.0%	0.0%	1.8%	1.8%	0.0%	1.8%	12.3%	17.5%	0.0%	0.0%	0.0%	1.8%	7.0%	0.0%	10.5%	5.3%	0.0%	0.0%	1.8%	0.0%	8.8%	0.0%	3.5%	0.0%	3.5%	12.3%	3.5%	57	BI ---
	Mæla ekki	3.8%	3.8%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	3.8%	19.2%	30.8%	0.0%	0.0%	0.0%	3.8%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	3.8%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	11.5%	0.0%	3.8%	15.4%	0.0%	26	CJ ---
Ánægja	Ánægð	1.7%	3.3%	0.8%	1.2%	4.2%	1.0%	1.0%	0.8%	7.5%	10.8%	0.5%	0.0%	0.0%	1.3%	9.3%	0.0%	3.7%	1.2%	0.8%	0.7%	0.7%	0.0%	5.7%	0.8%	2.2%	0.5%	6.2%	27.2%	7.0%	600	AI ---
	Hlutlaus	5.6%	5.6%	0.0%	5.6%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	22.2%	16.7%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	5.6%	0.0%	0.0%	5.6%	5.6%	0.0%	5.6%	0.0%	0.0%	0.0%	11.1%	0.0%	0.0%	11.1%	0.0%	18	BI ---
	Óánægð	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	100.0%	0.0%	1	CJ ---

Viðauki 4. Ferðamáti

		Hvernig ferðaðist þú til staðarins?										
		Rúta - hópferð	Rúta - áætlun	Bílaleigu-bíll	Einkabíll	Leigubíll	Reiðhjól	Einkabota /þyrflug	Mótorhjól	Puttaferðalag	Annað	Fjöldi svara
Allir	Allir	8,5%	1,4%	83,9%	2,8%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	0,9%	4,1%	702
Kyn	Konur	10,0%	2,0%	81,3%	3,2%	0,0%	0,2%	0,0%	0,0%	1,0%	4,2%	402
	Karlar	6,8%	0,7%	87,1%	2,4%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,7%	4,1%	295
Aldursflokkar	18-24 ára	5,1%	2,6%	82,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5,1%	10,3%	39
	25-34 ára	2,2%	1,5%	92,6%	0,7%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	2,2%	2,2%	136
	35-44 ára	4,6%	0,8%	89,2%	1,5%	0,0%	0,8%	0,0%	0,0%	0,8%	3,1%	130
	45-54 ára	2,1%	1,5%	91,3%	2,1%	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	6,2%	195
	55-64 ára	16,1%	0,8%	78,8%	3,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,7%	118
	65 ára og eldri	30,9%	1,2%	53,1%	11,1%	0,0%	1,2%	0,0%	0,0%	0,0%	4,9%	81
Búsetuland	Þýskaland	21,6%	1,4%	58,1%	12,2%	0,0%	1,4%	0,0%	0,0%	2,7%	2,7%	74
	Bandaríkin	16,2%	0,0%	82,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%	185
	Frakkland	0,0%	1,8%	93,0%	1,8%	0,0%	1,8%	0,0%	0,0%	0,0%	3,5%	57
	Ítalía	1,6%	1,6%	96,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,3%	61
	Spánn	0,0%	2,3%	93,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,3%	7,0%	43
	Svíss	5,9%	0,0%	88,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5,9%	17
	Holland	0,0%	3,7%	81,5%	11,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	7,4%	27
	Bretland	0,0%	0,0%	97,6%	2,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,4%	42
	Kanada	10,0%	3,3%	83,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	30
	Austurríki	0,0%	0,0%	92,3%	3,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%	26
	Pólland	0,0%	0,0%	83,3%	16,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	6
	Ísrael	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	8
	Belgía	0,0%	0,0%	75,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	37,5%	8
Önnur lönd	7,7%	3,4%	81,2%	3,4%	0,0%	1,7%	0,0%	0,0%	2,6%	1,7%	117	
Gisting	Já	14,4%	2,8%	76,2%	2,8%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%	2,2%	1,7%	181
	Nei	6,6%	1,0%	87,4%	2,7%	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	4,5%	514
Dvalarlengd	0-3 klst.	7,4%	0,7%	86,2%	2,9%	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%	0,2%	4,7%	443
	3-6 klst.	0,0%	1,8%	96,4%	1,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,8%	55
	6-12 klst.	6,7%	0,0%	86,7%	6,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	15
	12-24 klst.	19,4%	1,9%	72,8%	1,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	2,9%	2,9%	103
	24-48 klst.	2,9%	5,7%	80,0%	8,6%	0,0%	2,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	35
	3-4 daga	22,7%	4,5%	68,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,5%	0,0%	22
	5 daga +	0,0%	0,0%	90,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10
Meðmæli	Mæla með	7,1%	2,6%	81,8%	3,9%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	1,9%	1,9%	154
	Hlutlausir	6,9%	1,7%	81,0%	3,4%	0,0%	3,4%	0,0%	0,0%	0,0%	3,4%	58
	Mæla ekki með	11,5%	0,0%	84,6%	3,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	26
Ánægja	Ánægð	9,3%	1,5%	83,3%	3,0%	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%	0,8%	3,5%	604
	Hlutlaus	22,2%	0,0%	66,7%	5,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5,6%	18
	Óánægð	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1

Marktekt er ekki reiknuð þegar svarendur geta merkt við fleiri en einn svarmöguleika

Viðauki 5. Ferðafélagar

		Með hverjum ferðast þú?										
		Ein/-n á ferð	Maki	Börn yngri en 13 ára	Börn 13-17 ára	Börn eldri en 18 ára	Aðrir fjölskyldu-meðlimir	Vinir	Vinnu-/viðskiptafélagar	Hóþferð	Aðrir	Fjöldi svara
Allir	Allir	4.8%	66.7%	13.5%	12.5%	11.4%	11.5%	15.2%	0.6%	7.7%	0.1%	703
Kyn	Konur	4.7%	66.5%	13.4%	11.9%	10.4%	9.9%	15.1%	0.7%	9.2%	0.0%	403
	Karlar	5.1%	66.8%	13.6%	12.9%	12.9%	13.9%	15.6%	0.3%	5.8%	0.3%	295
Aldursflokkar	18-24 ára	0.0%	23.1%	0.0%	7.7%	7.7%	51.3%	17.9%	0.0%	2.6%	2.6%	39
	25-34 ára	6.6%	60.3%	3.7%	2.2%	2.2%	14.7%	22.1%	2.9%	1.5%	0.0%	136
	35-44 ára	6.2%	72.3%	27.7%	4.6%	1.5%	6.2%	16.9%	0.0%	5.4%	0.0%	130
	45-54 ára	3.6%	76.4%	24.6%	32.3%	21.5%	8.7%	9.7%	0.0%	1.5%	0.0%	195
	55-64 ára	4.2%	68.1%	1.7%	10.1%	22.7%	6.7%	14.3%	0.0%	14.3%	0.0%	119
	65 ára og eldri	6.2%	65.4%	4.9%	1.2%	2.5%	8.6%	14.8%	0.0%	29.6%	0.0%	81
